

Umhverfisráðuneytið
Kristín Rannveig Snorradóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. september 2009
2009050013/42-0
TB/SE
jgo/tb

Vestfjarðarvegur, stjórnsýslukæra, umsögn

Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 3. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stjórnsýslukæru frá Vegagerðinni dags. 27. apríl sl. og frá Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi dags. 28. apríl sl., en þar er kærð ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegagerðar milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði í Reykhólahreppi. Sérstaklega er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir og um áhrif á verndargildi svæðisins þ.m.t. lífríki leira. Óskað er eftir umsögninni m.t.t. til þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu þ.m.t. umsagnar frá Hafrannsóknastofnuninni. Einnig óskar ráðuneytið eftir skoðun Náttúrufræðistofnunar á því hvort þörf sé á frekari athugunum t.d. hvað varðar jarðmyndanir og plöntu- og dýralíf.

Almennt

Í úrskurði Skipulagsstofnunar kemur fram að umfang framangreindrar vegagerðar t.d. hvað varðar efnistöku sé langt umfram það sem er matsskyldt skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Einnig er um að ræða tvær þveranir fjarða á verndarsvæði og ný veglína er auk þess mjög nærri 10 km. Jafnframt kemur fram í úrskurði skipulagsstofnunar að miklar breytingar verða á stórum hluta „gömlu“ veglínunnar t.d. vegna skeringa. Samkvæmt 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er tilgangur laganna m.a. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Til þess að ná því fram skal kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum. Einnig er leitað álits ýmissa stofnana og hagsmunaaðila. Það er ekki að ástæðulausu að nútíma umhverfs- og náttúruverndarlöggjöf gerir ráð fyrir framangreindu ferli. Þetta er gert þar sem það er ekki öruggt að framkvæmdaraðilar stórra framkvæmda, sem geta haft umtalsverð umhverfisáhrif, hafi hagsmuni af því að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Matinu er einnig ætlað að tryggja að hægt sé að setja ákveðin skilyrði í framkvæmdaleyfi, sé það nauðsynlegt, til að uppfylla tilgang laganna.

Náttúrufræðistofnun Íslands veitir umsögn um framangreint mál með það að markmiði að beina framangreindri vegagerð inn á þá braut að dregið sé eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum hennar. Þetta er samkvæmt ráðgjafahlutverki stofnunarinnar og reynir hún að gera það eins faglega og henni er unnt. Í kærur Vegagerðarinnar og Vesturbyggðar eru ýmsar fullyrðingar um að framkvæmdin valdi ekki umtalsverðum umhverfisáhrifum og ýmis rök færð fyrir því. Náttúrufræðistofnun telur það ekki þjóna neinum tilgangi að reyna að færa mótrök gegn öllum staðhæfingum um að vegagerðin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun telur að í umsögn stofnunarinnar á fyrri stigum hafi

komið fram öll þau helstu atriði sem ástæða er til að nefna. Þó verður ekki hjá því komist að nefna hér tvö atriði í röksemdafærslu í kærú Vegagerðarinnar til að sýna fram á hvers vegna stofnunin telur að umrædd framkvæmd þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Í kærú Vegagerðarinnar segir um áhrif á landslag og sjónræn áhrif: „Ennfremur skal á það bent að sjónræn áhrif eru ekki meðal þeirra atriða, sem talin eru upp í 3. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum, en þörf á mati á sjónrænum áhrif framkvæmda virðist vega þungt í ákvörðun Skipulagsstofnunar.“ Síðan segir: „Sjónræn áhrif eru þekkt og fyrirsjáanleg stærð og vandséð hvernig komast eigi hjá þeim við lagningu nútímavegar um Eiði og Litlanes þar sem undirlendi er sáralítið.“ Í fyrsta lagi segir í 3. viðauka að skoða skuli landslagsheildir m.t.t. álagspöls á náttúruna. Landslag eða landslagsheild er varla hægt að kanna með öðrum hætti en að sjónræn áhrif séu metin, það er eðli landslags. Í öðru lagi hlýtur það að vera áhyggjuefni ef það er skoðun Vegagerðarinnar að engin ástæða sé til að kanna vel áhrif á landslag vegna þess að áhrifin eru fyrirsjáanleg stærð og vandséð hvernig hægt er að komast hjá þeim við lagningu nútímavegar. Ef þessi afstaða Vegagerðarinnar gildir um önnur umhverfisáhrif þá eru lög um mat á umhverfisáhrifum óþörf. Það er eðlileg krafa að nútíma vegir séu öruggir og valdi eins litlum umhverfisáhrifum og mögulegt er. Til þess að það megi verða þarf aðkomu aðila með mismunandi fagþekkingu auk þess sem aðrir hagsmunir geta verið til staðar. Þetta er tekið sem dæmi hér vegna þess að landslag er stór þáttur í þessari framkvæmd og tengist óneitanlega mikið nýtingu ýmissa jarðmyndana s.s. vegna efnistöku og skeringa. Hjálögð er ljósmynd úr Kjálkafirði tekin af starfsmanni Náttúrufræðistofnunar í sumarleyfi. Myndin sýnir svæði þar sem gert er ráð fyrir miklum skeringum og efnistöku (sbr. einnig hjálagða mynd 8 úr skýrslu Vegagerðarinnar, Skeringar við Hraun í Kjálkafirði). Hér verða mikil áhrif á landslag jafnt sem jarðmyndanir. Af kynningarskýrslu Vegagerðarinnar má ráða að þessar skeringar séu ekki nauðsynlegar nema að takmörkuðu leyti. Hér er ekki síður um að ræða fyrirhugaða efnistöku sem full ástæða er til að endurskoða vegna mikilla áhrifa á ásýnd landsins. Ef ekki fer fram mat á umhverfisáhrifum er það „alfarið“ í hendi leyfisveitanda að ákveða hvað verður gert. En Vesturbyggð, annar leyfisveitanda, hefur nú þegar tekið afstöðu með því, m.a. með kærú, að ekki sé nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum.

Til að nefna annað dæmi er bent á umfjöllun um arnarvarp á svæðinu en þar er m.a. fullyrt að breytingar á veglínu séu jafnvel til bóta, m.a. þverun Kjálkafjarðar. Nú hefur það verið upplýst að rannsóknun vegna staðsetningar á brúarstæði er ekki lokið og því ekki hægt að fullyrða um endanlega legu vega. Nægir að benda á þetta.

Jarðfræði

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki unnt út frá fyrirbyggjandi gögnum að leggja heildarmat á áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir. Þó er ljóst að ásýnd framhlaups og skriðu við austanverðan Kjálkafjörð mun spillast verulega umfram það sem þegar er orðið vegna núverandi vegar.

Vegagerðin heldur því fram að jarðmyndanir sem þegar hafa orðið fyrir raski hafi minna verndargildi en ella og bendir á að þekktum malarhjöllum við eða nærri vegi á framkvæmdasvæðinu hafi þegar verið raskað. Varðandi áhrif vegna mikillar efnistöku úr skeringum bendir Vegagerðin á að ekki sé um óraskað land að ræða og að sjónræn áhrif séu þekkt og fyrirsjáanleg stærð og vandséð hvernig komast megi hjá þeim við lagningu nútímavegar á þessu svæði, sjá einnig hér að ofan.

Með málflutningi sínum reynir Vegagerðin að gera sem minnst úr þeim áhrifum sem framkvæmdin kann að hafa á náttúru svæðisins. Náttúrufræðistofnun vill í þessu sambandi ítreka það álit sem áður hefur komið fram að með því er Vegagerðin að veita villandi upplýsingar um náttúru svæðisins. Vegagerðin virðist telja að hafi svæði einu sinni verið raskað, þá þurfi ekki að

hafa áhyggjur af því frekar og öll frekari röskun sé sjálfsögð. Samkvæmt munnl. upplýsingum dr. Hreggviðs Norðdahl hjá Jarðvísindastofnun Háskólans, sem stundað hefur rannsóknir á setlögum frá ísaldarlokum við norðanverðan Breiðafjörð, hafa nánast engar rannsóknir verið gerðar á fornum sjávarsetlögum á rannsóknarsvæðinu og telur hann mikilvægt að þau verði könnuð áður en framkvæmdir hefjast. Jafnframt bendir Náttúrufræðistofnun á að þær miklu skeringar sem fyrirhugaðar eru við austanverðan Kjálkafjörð muni hafa mikil sjónræn áhrif og þar með áhrif á landslag á svæðinu. Ásýnd framhlaupsins við austanverðan Kjálkafjörð mun breytast mikið við skeringarnar.

Náttúrufræðistofnun telur að vegna mats á umhverfisáhrifum þurfi að kanna áhrif framkvæmdarinnar á malarhjalla og önnur sjávarsetlög frá lokum ísaldar og upphafi nútíma. Jafnframt að kanna þurfi áhrif framkvæmdarinnar á framhlaup og skriður þar sem fyrirhugaðar eru miklar skeringar og efnisnám. Náttúrufræðistofnun telur einnig nauðsynlegt að kannað sé betur á vettvangi hvernig draga megi sem mest úr skeringum og hvort ekki megi fækka eða breyta efnistöðum.

Um áhrif á verndargildi svæðisins þ.m.t. lífríki leira.

Umhverfisráðuneytið óskaði sérstaklega eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar á áhrifum á verndargildi svæðisins þ.m.t. á lífríki leira. Í fyrsta lagi hefur almennt verndargildi svæðisins ekki verið metið sérstaklega þó margt sé þekkt um lífríki þess s.s. um gróður og hvaða fuglastofnar nýta svæðið. Til að meta verndargildi einstakra svæða fyrir lífríki og áhrif á það vegna tiltekinnar framkvæmdar þurfa að fara fram óháðar vistfræðilegar rannsóknir. Með þessu er ekki verið að segja að ekki sé hægt að leggja veg nema að áralangar rannsóknir séu fyrir hendi um öll möguleg atriði. Í þeirri framkvæmd sem hér er til umræðu, og miðað við núverandi stöðu þekkingar á náttúrufari svæðisins, er það einmitt mat á umhverfisáhrifum sem er sú aðferð sem ber að nýta til að ná fram bestu mögulegu veglínu m.t.t. til áhrifa á verndargildi svæðisins. Gildir þá einu hvort um er að ræða landslag, jarðmyndanir eða lífríki. Í þeirri framkvæmd sem hér er sett fram virðast áhrifin verða mest á eftirtalda þætti:

- Verndargildi landslags.
- Verndargildi jarðmyndana.
- Arnarvarp. Hætta er á að það geti raskast.
- Áhrif á gróður verða þó nokkur, sérstaklega birkikjarr. Óvíst er um mótvægisáðgerðir. Sumsstaðar á Vestfjörðum virðist lúpínu hafa verið dreift meðfram vegum.
- Leirur, en ekki liggja fyrir niðurstöður um staðsetningu brúa (rannsóknir á botni) og ekki liggja fyrir straummælingar.

Það er því ákveðin óvissa um áhrif á leirur og lífríki þeirra. Til dæmis kemur fram að gert er ráð fyrir að seinkun á fjöru vegna þverana geti orðið nokkrar mínútur, t.d. svipað og í Kolgrafafirði, og 5 cm hækkun á fjöruborði. Hvaða áhrif þetta hefur á lífríki leira þarf að kanna sérstaklega þar sem leirumyndanir eru miklar og á þetta aðallega við hækkun á fjöruborði.

Umsögn frá Hafrannsóknastofnuninni

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir þau sjónarmið frá Hafrannsóknastofnuninni að útreikningar sem lagðir eru fram í minnisblöðum Helga Jóhannessonar, dags. 08.08.2008 og 22.08.2008 sýni hvernig megi tryggja „full vatnskipti“. Botngerð og straumar hafa áhrif á hvernig vatnsskiptin verða. Það verður því að gera þá kröfu að gert sé líkan sem sýni vatnsskiptin út frá þekktum stærðum eða aðstæðum t.d. hvernig er gert ráð fyrir að botninn breytist undir brúm og innan við þær og styrk strauma og legu. Er hér m.a. vísað til vinnu við Kolgrafafjörð.

Niðurstæða

Náttúrufræðistofnun Íslands telur enn, miðað við fyrirbyggjandi gögn, að metin skulu umhverfisáhrif framangreindrar framkvæmdar. Náttúrufræðistofnun telur að kanna þurfi nánar áhrif framkvæmdarinnar á malarhjalla og önnur sjávarsetlög frá lokum ísaldar og upphafi nútíma. Kanna þarf á vettvangi betur hvort ekki megi minnka skeringar og setja fram nýja valkosti um efnistöku. Stofnunin telur að gera þurfi frekari rannsóknir, straummælingar og botnrannsóknir, til að ákvarða legu brúa vegna þverunar fjarða. Þegar staðsetning brúa liggur fyrir þarf að greina frá áhrifum á lífríki leira og t.d. amnarvarp. Að öðru leiti vísar stofnuninni í fyrri umsögn um framangreint mál.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS